



Verklagsreglur vegna kjörs á íþróttamanni og íþróttakonu Grindavíkur

1.gr. Val á íþróttamanni og íþróttakonu Grindavíkur er samstarfsverkefni Afrekssjóðs Grindavíkur og aðalstjórnar UMFG.

2.gr. Rétt til að tilnefna hafa allar deildir UMFG sem og íþróttafélög í Grindavík sem eru aðilar að Íþróttabandalagi Suðurnesja . Fjöldi tilnefninga frá hverri deild eða félagi skal vera sem hér segir:

- Knattþyrnudeild UMFG: 2 karlmenn og 2 konur
- Körfuknattleiksdeild UMFG: 2 karlmenn og 2 konur
- Fimleikadeild UMFG: 1 karlmaður og 1 kona
- Jú dódeild UMFG: 1 karlmaður og 1 kona
- Sunddeild UMFG: 1 karlmaður og 1 kona
- Takwondódeild UMFG: 1 karlmaður og 1 kona
- Skotdeild UMFG: 1 karlmaður og 1 kona
- Golfklúbbur Grindavíkur: 1 karlmaður og 1 kona
- Íþróttafélag Grindavíkur: 1 karlmaður og 1 kona
- Knattspyrnufélag GG: 1 karlmaður og 1 kona
- Hestamannafélagið Brimfaxi: 1 karlmaður og 1 kona

Einnig má frístunda- og menningarnefnd tilnefna einstaklinga með lögheimili í Grindavík sem skarað hafa framúr í íþróttum sem ekki eru til staðar í Grindavík.

3.gr. Þeir sem eru tilnefndir til kjörs á íþróttamanni og íþróttakonu ársins skulu vera íslenskir ríkisborgarar eða hafa átt lögheimili á Íslandi í eitt ár hafa náð 16 ára aldri. Þó er heimilt að tilnefna unglings 14 – 16 ára sem keppir í flokki fullorðinna og er að ná það góðum árangri að hann teljist á meðal þeirra bestu í sinni íþróttgrein.

4.gr. Þegar skilað er inn tilnefningum skulu deildir/íþróttafélög skila inn greinargerð um viðkomandi íþróttamann. Þar skal m.a. koma fram:

- Afrek / keppni erlendis á árinu (félag /landslíð) í unglings- eða fullorðinsflokki:
- Afrek / keppni á Íslandi í unglings- eða fullorðinsflokki:
- Afrek / keppni í Grindavík í unglings- eða fullorðinsflokki:
- Staðan yfir landið (og t.d. ef einhver unglings er í háum styrkleikaflokki yfir landið í fullorðinsflokki)
- Umsögn um íþróttamanninn – afrek, karakter, stefna, o.s.frv.

Útdráttur úr fyrrgreindum atriðum verður lesinn upp á kjörinu.



- 5.gr Val á íþróttamanni og íþróttakonu Grindavíkur er í höndum 10 manna nefndar sem er þannig skipuð;
- Aðalstjórn UMFG (5)
 - Frístunda- og menningarnefnd Grindavíkur (5).
- Ef einstaklingur á sæti bæði í stjórn aðalstjórnar UMFG og frístunda- og menningarnefnd er heimilt að varamaður einstaklingsins í frístunda- og menningarnefnd greiði atkvæði.
- 6.gr. Kosið skal um þrjú efstu sæti bæði í karla- og kvennaflokki. Fyrsta (1.) sæti gefur 10 stig, annað sæti (2.) gefur 7 stig og þriðja (3.) sæti gefur 5 stig.
- Ef tveir eða fleiri einstaklingar verða jafnir í kjörinu ræður eftirfarandi röð manna:
- Fleiri tilnefningar í fyrsta sæti
 - Fleiri tilnefningar í annað sæti
 - Fleiri tilnefningar í þriðja sæti
- Við val á íþróttamanni ársins og íþróttakonu ársins skulu þeir sem hafa rétt til að greiða atkvæði taka tillit til árangurs á árinu sem kjörið á við um. Einnig skal tillit tekið til reglusemi og ástundunar, þróðmennsku og framfara.
- 7.gr. Tilnefningar skulu hafa borist sviðsstjóra frístunda- og menningarsviðs Grindavíkur fyrir 15. desember ár hvert. Sviðsstjóri frístunda- og menningarsviðs tekur saman allar tilnefningar og sendir til valnefndar sem síðan skilar atkvæði sínu í kassa á skrifstofu sviðsstjóra frístunda- og menningarsviðs fyrir 20. desember.
- 8.gr. Útnefning á kjöri íþróttamanns og íþróttakonu Grindavíkur fer fram á Gamlársdag.
- 9.gr. Hvatningarverðlaun.
- Öllum deildum innan UMFG og íþróttafélögum í Grindavík sem eru innan ÍS er heimilt að tilnefna einn ungling sem hlýtur svokölluð hvatningarverðlaun Afrekssjóðs Grindavíkur og UMFG. Verðlaunin skulu veitt þeim íþróttamanni sem þykir skara fram úr í sinni íþróttagrein, er áhugasamur, með góða ástundun, sýnir góða hegðun innan vallar sem utan, góður félagi og telst vera góð fyrirmynd annarra unglunga.